ÍSLENSKIR
ENDURSKOÐENDUR

# Náttúrustofa Vestfjarða

**Aðalstræti 21**
**415 Bolungarvík**
**Kt. 610397-2209**

**Ársreikningur**
**2016**

Efnisyfirlit.


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6-7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9-11 |
| Sundurliðanir | 12-13 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.**

***Álit***

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Fyrirvari er gerður um áframhald rekstrar vegna neikvæðrar eiginfjárstöðu. Sveitarfélög þau sem að stofunni standa bera ábyrgð á rekstri og starfsemi hennar.

Það er álit okkar að teknu tillit til framagreinds fyrirvara að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofunnar á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016, breytingu á handbæru fé á árinu 2016 í samræmi við lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög og reglur um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

***Grundvöllur fyrir áliti***

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Náttúrustofu Vestfjarða í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

***Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum***

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi stofunnar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa stofuna upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

***Ábyrgð endurskoðenda***

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er nokkuð hátt stig vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati og viðhöfum faglega tortryggni. Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikning stofunnar:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofunnar.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofunnar.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 25. maí 2017

ÍSLENSKIR
ENDURSKOÐENDUR

**Íslenskir endurskoðendur ehf.**

Bjarki Bjarnason
löggiltur endurskoðandi

# Áritun stjórnenda

Náttúrustofa Vestfjarða starfar í samræmi við lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, með síðari breytingum og samkvæmt rekstrarsamningi milli Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Strandabyggðar, Súðavíkurhrepps, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar annars vegar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hins vegar frá 30. nóvember 2012. Um starfsemina gildir ennfremur reglugerð 459/1996 um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík.

Stjórn náttúrustofa er skipuð af rekstrarsveitarfélögum og hlutverk náttúrustofa er skilgreint nánar í lögunum.

Hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða samkvæmt lögum (60/1992) er:

- að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.

- að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

- að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á versviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni.

- að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila.

- að annast almennt eftirlit með náttúr landsins, sbr. 7. gr. náttúrverndarlaga nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar. Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Afkoma ársins 2016 var jákvæð um kr. 3.486.435.- og var afkoman færð til hækkunar á eigin fé stofnunarinnar.

Stjórn og forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

*Bolungarvík 25. maí 2017*

**Í stjórn Náttúrustofu Vestfjarða**

Guðbjörg Elda
Jónas Heimsson  Sigríður Gísladóttir

**Forstöðumaður**

Nancy Bechtloff

# Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Seld þjónusta | | 30.986.588 | 25.369.241 |
| Rekstrarframlög | | 35.000.000 | 41.010.000 |
| Þjónustustarfsemi og rekstrarverkefni við sveitarfélög | | 11.656.894 | 16.021.873 |
| Náttúrufræðistofnun Íslands | | 0 | 244.260 |
| Styrkir | | 5.528.398 | 8.282.376 |
| Aðrar tekjur | | 93.478 | 68.860 |
| | | 83.265.358 | 90.996.610 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og tengd gjöld | 6 | 60.954.132 | 56.290.745 |
| Húsnæðiskostnaður | | 5.320.802 | 5.270.054 |
| Ferða- og dvalarkostnaður | | 2.616.807 | 2.636.338 |
| Rekstur bifreiða | | 1.156.481 | 1.382.315 |
| Rannsóknarkostnaður | | 1.762.551 | 794.927 |
| Aðkeypt þjónusta | | 17.858 | 752.680 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 7.115.570 | 8.397.691 |
| Afskriftir | | 227.170 | 190.795 |
| | | 79.171.371 | 75.715.545 |
| Rekstrarhagnaður | | 4.093.987 | 15.281.065 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 7 | (607.552) | (1.731.372) |
| **Hagnaður** | | 3.486.435 | 13.549.693 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | 2 | | |
| Tæki og búnaður | | 257.756 | 297.926 |
| Bifreiðar | | 1.521.125 | 1.708.125 |
| | | 1.778.881 | 2.006.051 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | |
| Hlutabréf í Vesturferðum ehf | | 50.000 | 50.000 |
| | | 50.000 | 50.000 |
| **Fastafjármunir** | | 1.828.881 | 2.056.051 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| **Skammtímakröfur** | 3 | | |
| Viðskiptakröfur | | 729.912 | 7.236.414 |
| | | 729.912 | 7.236.414 |
| **Handbært fé** | | | |
| | | 0 | 0 |
| **Veltufjármunir** | | 729.912 | 7.236.414 |
| **Eignir** | | 2.558.793 | 9.292.465 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| | 4 | | |
| Stofnfé | | 27.000.000 | 27.000.000 |
| Eigið fé, neikvætt | | (40.201.931) | (43.688.366) |
| **Eigið fé** | | (13.201.931) | (16.688.366) |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 2.004.863 | 16.172.995 |
| Viðskiptaskuldir | | 5.985.014 | 2.939.741 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 7.770.847 | 6.868.095 |
| | | 15.760.724 | 25.980.831 |
| **Skuldir** | | 15.760.724 | 25.980.831 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 2.558.793 | 9.292.465 |

# Yfirlit um sjóðstreymi janúar - desember 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður | | 3.486.435 | 13.549.693 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi | | | |
| Afskriftir | | 227.170 | 190.795 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 3.713.605 | 13.740.488 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun) | | 6.506.502 | 6.114.989 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun | | 3.948.025 | (12.076.038) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 14.168.132 | 7.779.439 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keypt bifreið og tæki | | 0 | (970.000) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | 0 | (970.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Aðrir skammtímaliðir | | (14.168.132) | (6.809.439) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | (14.168.132) | (6.809.439) |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 0 | 0 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

2. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Bifreiðar tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 2.271.698 | 2.271.698 |
| Afskrifað áður | (265.647) | (265.647) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.006.051 | 2.006.051 |
| Afskrifað á árinu | (227.170) | (227.170) |
| Bókfært verð í árslok | 1.778.881 | 1.778.881 |
| Afskriftarhlutföll | 10% | |

Lausafjármunir eru tryggðir fyrir kr. 2.001.000-

## Skammtímakröfur

3. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu kr. 654.000.- Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 672.000 |
| Tapaðar / niðurfelldar kröfur á árinu | 0 |
| Breyting niðurfærslu | (18.000) |
| | 654.000 |

## Eigið fé

4. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Stofnfé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 27.000.000 | (43.688.366) | (16.688.366) |
| Hagnaður ársins | | 3.486.435 | 3.486.435 |
| | 27.000.000 | (40.201.931) | (13.201.931) |

## Skattamál

5. Náttúrustofa Vestfjarða greiðir ekki tekjuskatt sbr . 4. grein tekjuskattslaga

## Önnur mál

6. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Laun | 49.412.683 | 45.874.715 |
| Launatengd gjöld | 11.541.449 | 10.416.030 |
| | 60.954.132 | 56.290.745 |
| Meðalfjöldi starfa | 9 | 9 |

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 7.392 | 73.968 |
| | 7.392 | 73.968 |
| Vaxtagjöld | (614.944) | (1.805.340) |
| | (614.944) | (1.805.340) |
| | (607.552) | (1.731.372) |

8. Náttúrustofa Vestfjarða er samstarfsaðili að nokkrum evrópuverkefnum og er fjárvörsluaðili þeirra verkefna. Staða bankareikninga vegna þessara verkefna í vörslu stofunnar nemur kr. 126.720 í árslok 2016.

9. Náttúrustofa rekur Sjóminjasafnið Ósvör og Náttúrugripasafn Bolungarvíkur samkvæmt samningum við Bolungarvíkurkaupstað. Fjárhagur safnanna er aðskilinn rekstri stofunnar.

Upplýsingar varðandi viðskipti við söfn:

| | Útseld þjónusta | Viðskiptakröfur í árslok |
|---|---|---|
| Sjóminjasafnið Ósvör | 7.032.001 | 0 |
| Náttúrugripasafn Bolungarvíkur | 3.787.743 | 0 |
| | 10.819.744 | 0 |

# Sundurliðanir

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Rekstrarframlög** | | |
| Framlag ríkisins | 29.300.000 | 25.700.000 |
| *Framlög sveitarfélaga:* | | |
| Rekstrarframlög, innheimt | 5.700.000 | 5.310.000 |
| Viðbótarframlag | 0 | 10.000.000 |
| | 35.000.000 | 41.010.000 |

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Laun og tengd gjöld** | | |
| Vinnulaun | 48.431.179 | 49.772.023 |
| Styrkur frá Vinnumálastofnun | 0 | (397.846) |
| Orlofslaun | 981.504 | 1.165.049 |
| Tryggingagjald | 3.912.079 | 4.321.316 |
| Mótframlag í lífeyrissjóði | 5.364.239 | 5.716.573 |
| Sjúkra- og orlofssjóðir | 214.359 | 230.658 |
| Aðrir sjóðir | 361.318 | 677.168 |
| Slysatryggingar | 194.077 | 418.180 |
| Annar starfsmannakostnaður | 778.399 | 350.981 |
| Áfallinn launakostnaður | 0 | (5.634.258) |
| Reiknað áfallið orlof, breyting | 715.458 | (387.500) |
| | 60.954.132 | 56.290.745 |

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Húsnæðiskostnaður** | | |
| Húsaleiga og hússjóður | 4.514.674 | 4.732.823 |
| Rafmagn og hiti | 0 | 87.950 |
| Viðhald húsnæðis | 81.149 | 137.493 |
| Sorpeyðingargjöld | 90.169 | 74.793 |
| Ræsting og eyðingargjöld | 588.798 | 160.578 |
| Hreinlætisvörur | 46.012 | 76.417 |
| | 5.320.802 | 5.270.054 |

**Annar rekstrarkostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Húsbúnaður | 24.094 | 17.732 |
| Smááhöld | 0 | 4.744 |
| Viðhald áhalda og tækja | 165.498 | 110.791 |
| Rekstur tölvubúnaðar | 2.073.810 | 1.335.093 |
| Burðargjöld | 158.725 | 292.383 |
| Pappír, prentun og ritföng | 145.137 | 156.764 |
| Blöð, bækur og tímarit | 12.349 | 22.203 |
| Sími | 821.041 | 963.479 |
| Auglýsingar | 121.099 | 573.551 |
| Styrkir og árgjöld | 0 | 17.000 |
| Risna | 17.058 | 0 |
| Aðkeypt bókhaldsþjónusta | 2.412.486 | 3.520.871 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 799.100 | 696.574 |
| Námskeið | 30.474 | 0 |
| Rekstur kaffistofu | 133.417 | 129.540 |
| Funda- og ráðstefnukostnaður | 0 | 198.253 |
| Niðurskrift viðskiptakrafna | (18.000) | 212.000 |
| Annað | 219.282 | 146.713 |
| | 7.115.570 | 8.397.691 |